

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bessastaðahreppi.

Breiðamýri og norðanvert Sviðholt.

Hreppsnefnd Bessastaðahrepps samþykkti þann 16. september 2003 breytingu á deiliskipulagi við Breiðumýri og á norðanverðu Sviðholti í Bessastaðahreppi.

Breytingin nær til raðhúsalóðanna 7-9-11-13 og 8-10-12-14 við Birkiholt. Í tillögunni er byggingarskilmálum lóðanna breytt þannig að í stað þess að húsin verði einnar hæðar með nýtanlegu risi undir hallandi þaki verði heimilað að byggja þar tveggja hæða raðhús með flötu þaki.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Bessastaðahreppi, 18. september 2003.

Gunnar Valur Gíslason sveitarstjóri.

AUGLÝSING

um ásetningshlutfall sauðfjár almanaksárið 2004.

Landbúnaðarráðherra hefur í samræmi við ákvæði 3. gr. reglugerðar nr. 524/1998 um útflutning á kindakjöti með síðari breytingum, ákveðið að til að hljóta undanþágu frá útflutningsskyldu skuli fjöldi vetrarfóðraðra kindra vera að hámarki 0,64 á hvert ærgildi greiðslumarks á því lögbyli, sem undanþegið kann að vera. Undanþága þessi nær til framleiðslu almanaksárið 2004 og skal miða talningu á fjölda sauðfjár við sannreynda talningu búfjáreftrilitsmanns sem framkvæma skal fyrir 15. apríl 2004.

Auglýsing þessi er sett í samræmi við reglugerð nr. 524/1998 um útflutning á kindakjöti, með síðari breytingum og með heimild í 6. mgr. 29. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi. Auglýsingin kemur í stað auglýsingar nr. 723 frá 24. október 2002.

Landbúnaðarráðuneytinu, 23. september 2003.

Guðni Ágústsson.

Sigríður Norðmann.